

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. **P** 136/368
komudagur 9.12.2008
Reykjavík 8. des. 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum nr. 88/2005, þskj 240 – 193. mál

Við þökkum móttækinn tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er umsagnar SVP – Samtaka verslunar og þjónustu við ofangreint frumvarp. Frestur til að skila umsögn rennur út í dag sem þýðir að tíminn sem gefinn er til umsagnar er einn vinnudagur og ber að skoða þessa umsögn með hliðsjón af því.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu fagna þeirri meginbreytingu sem boðuð er með frumvarpinu í þá veru að sameina landið í eitt tollumdæmi. Það er til þess fallið að auka skilvirkni og tryggja samræmda túlkun á grundvelli laganna út um allt land og er það mjög til bóta.

Þá fagna samtökin sérstaklega 5. lið 1. mgr. 8. gr. þar sem segir að hlutverk tollstjóra sé m.a. „Að vinna að framþróun, hagræðingu og einföldun tollframkvæmdar, skilvirkri og árangursríkri tollstarfsemi og sem bestri þjónustu tollgæslunnar. Hann skal stuðla að því að tollframkvæmdin verði sem hagfeldust fyrir atvinnulífið, almenning og samfélagið og hafa samstarf við atvinnulífið um málefni sem varða hagsmuni þess og greiða fyrir löglegum viðskiptum og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja, eftir því sem við getur átt og að teknu tilliti til fjárhagslegra og lagalegra forsendna og öryggissjónarmiða.“

Þessi málsgrein frumvarpsins er mjög ánægjuleg og boðar lögfestingu atriða sem varða atvinnulíf í landinu mjög miklu. Það er sérlega ánægjulegt að lögfesta með þessum hætti samráð tollstjóra við atvinnulífið varðandi tollframkvæmd og hafa SVP miklar væntingar til að slíkt samráð leiði til einföldunar og til hagsbóta fyrir samfélagið allt. Tollstjórinn og atvinnulífið eiga ríka sameiginlega hagsmuni sem eðlilegt er að þessir aðilar vinni saman að því að leysa og ástæða til að gleðjast þegar það er lögfest með svo skýrum hætti.

Ákvæði 15. gr. um að fella út 82. og 83 gr. eru mjög til bóta og ber að fagna þeim.

Að síðustu verður að benda á að þetta er í þriðja skiptið á þremur árum sem frumvarp til breytinga á tollalögum kemur fram á allra síðustu dögum þings. Fresturinn til að gefa umsögn er lítill sem enginn, óvenju langur í þetta skiptið eða heill dagur. Það er ástæða til að ítreka enn einu sinni breytingu á þessu verklagi. Tollalög eru mjög mikilvæg lög sem hafa með að gera allan inn- og útflutning í landinu og snerta beint mörg þúsund starfsmenn og stóran hluta atvinnulífs. Sjálfvirkni og flýtafgreiðslu breytinga á tollalögum er brýnt að endurskoða og breyta.

Xirðingartýllt

Sígný Sigrðardóttir
forstöðumaður flutningasviðs